

*Félag kennara á eftirlaunum*

# *FKE-fréttir*

*3. töl. 35. árg. – 20. september 2015*



*Spilaverðlaun afhent í maí 2015. Mynd:góp*

## ***Efni: Félagsstarfið í vetur***

### **Athugaðu:**

- **Allir** eftirlaunakennarar og makar þeirra eiga rétt til aðildar að FKE og félagsgjald er ekkert!!
- **Vefur** FKE er á FKEfrettir.net – farðu þar inn og sendu okkur netfangið þitt. Skráð aðild viðheldur FKE-aðgangi að Orlofssjóðnum.
- **Einnig - eitt símtal nægir!** Fjóra Ósk Gunnarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 og í netpósti á fjola@ki.is.

## Fræðslu- og skemmtifundir

verða á Grand Hóтели, Sigtúni 8 í Reykjavík. Þeir hefjast kl. 13:30 og verða þessa laugardaga:

- 3. október      7. nóvember      5. desember
- 9. janúar      6. febrúar      2. apríl      7. maí
- Enginn fundur er í mars, en árshátíð félagsins verður föstudaginn 4. mars. Nánar kynnt í janúarblaði FKE-frétta.

Spiluð verður félagsvist en að henni lokinni er alltaf eitthvað til skemmtunar og fróðleiks.

Þau sem ekki spila eru auðvitað velkomin á fundina. Sum koma til að njóta veitinga, spjalla við kunningja eða fylgjast með myndasýningu sem er á hverjum fundi.

Dagskrá að lokinni félagsvist hefst um kl. 15:00.

Veitingar eru seldar af hlaðborði og kosta kr. 2000 sem er hækkun frá fyrri árum. Gjaldið hefur verið óbreytt í allmörg ár þrátt fyrir hækkanir frá hótelinu. Félagið niðurgreiðir þetta gjald þó um tæp 30% eftir þessa hækkun.

\* \* \*

**FKE-fréttir** - þetta tölublað - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgengið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum - láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á [FKE@simnet.is](mailto:FKE@simnet.is).

**Allir sem eru á netpóstskrá félagsins** fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingunni til þeirra.

## *Fundir bókmenntaklúbbsins*

verða í Kennarahúsinu við Laufásveg frá kl. 13:30 til u. þ. b. 15:30. Ingibjörg Júlíusdóttir og Valborg Baldvinsdóttir leiða starfið í vetur.

Fundir klúbbsins verða þessa fimmtudaga:

8. og 22. október, 5. og 19. nóvember, 7. og 21. janúar, 4. og 18. febrúar, 3. og 17. mars, og 7. apríl.

## *EKKÓ-kórinn*

tekur til starfa þriðjudaginn 6. október. Æfingar eru í húsi Uppeldis- og menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð (Kennaraháskólanum) á þriðjudögum kl. 16:30 til 18:30.

Nýir félagar eru velkomnir og er einfaldast að mæta bara á æfingu ef þú vilt slást í hópinn. Það er líka hægt að hafa samband við formann kórsins Guðfinnu Ingu Guðmundsdóttur í síma 552-4831 eða einhvern kórfélaga.

Stjórnandi kórsins verður Bjartur Logi Guðnason.

## *Tölvustarf*

er vikulega á mánudögum kl. 15:40 – 17 í Ármúlaskóla – í stofu N202 á efri hæð í norðurálmu.

- Í haust frá 5. október til 30. nóvember.
- Eftir áramót frá 11. janúar til 25. apríl – nema mánudagana fyrir og eftir páska.

Félagsmenn og þeirra samferðarfólk, byrjendur jafnt sem lengra komnir, fá leiðbeiningu og þjálfun án endurgjalds. Ekki þarf að skrá sig fyrirfram, - bara mæta á staðinn þegar viljinn vaknar eða þörfin kallar. Þú kemur og ferð þegar þér hentar.

Þar liðsinnir Gísli Ólafur Pétursson.

## *Þekkir þú kennara sem eru að fara á eftirlaun?*

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir. Fjóla Ósk í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 – og í netfangið [fjola@ki.is](mailto:fjola@ki.is).

Aðild að félaginu er ókeypis auk þess sem skráningin viðheldur FKE-aðgangi að Orlofssjóðnum.

Markmið okkar er að allir kennarar sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

## *Upplýsingar um FKE á vefnum*

Félagið er þrjátíu og fimm ára. Sögu þess allt frá upphafi finnurðu á vefnum – [FKEfrettir.net](http://FKEfrettir.net). Þar eru einnig myndir frá þeim viðburðum sem félagið hefur skipulagt og framkvæmt næstliðinn áratug. Efst á síðunni er vísað til útkominna eintaka FKE-frétta sem þar má sækja og undir ljósmyndinni sem ætíð er þar efst er vísað til nýtsamra upplýsinga um félagið og þátttökuna í því.

\* \* \*

### **Stjórn og varastjórn Félags kennara á eftirlaunum:**

Þóra A. Guðmundsdóttir .....	867 6871.....	<a href="mailto:albertag@simnet.is">albertag@simnet.is</a>
Þóra Kristinsdóttir .....	894 5555.....	<a href="mailto:thoraunnur@simnet.is">thoraunnur@simnet.is</a>
Pétur Bjarnason .....	892 0855.....	<a href="mailto:peturbjarna@internet.is">peturbjarna@internet.is</a>
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir .....	896 5457.....	<a href="mailto:glasg@simnet.is">glasg@simnet.is</a>
Kristján Sigfússon .....	867 4831.....	<a href="mailto:ksigfusson@yahoo.com">ksigfusson@yahoo.com</a>
Halldór Þórðarson .....	893 6099 .....	<a href="mailto:hallth44@gmail.com">hallth44@gmail.com</a>
Guðrún Ólafía Samúelsdóttir..	864 9669.....	<a href="mailto:mosarima35@simnet.is">mosarima35@simnet.is</a>